

Fundargerð - Foreldraráðsfundur

Fundarstjóri: Hildur Edda Grétarsdóttir

Fundarritari: Kristín Steinunnardóttir

Staðsetning: Zoom

Pátttakendur:

Hildur Edda Grétarsdóttir
Kristín Steinunnardóttir
Einar Árnason
Helga Lára Grétarsdóttir
Guðrún Torfadóttir
Ingunn Guðbrandsdóttir
Andrea Dan Árnadóttir
Jóhanna Ingibjargardóttir

Dagsetning: 1. maí 2023

Frá kl.: 21:00

Til kl.: 21:35

Dagskrá:

- Skólapúlsinn
- Skólaföt
- Bleyjuáskrift
- Starfsáætlun og ársskýrsla
- Karellen
- Matarmál og hreinsiefni

Umfjöllun fundar:

1. Skólapúlsinn

Niðurstöður foreldrakönnunar skólapúlsins eru komnar og hafa verið birtar á heimasíðu leikskólans og sendar foreldrum í tölvupósti. Leikskólinn kemur vel út í samanburði við aðra leikskóla. Einnig var gerð minni könnun á vegum leikskólans sem kom einnig vel út.

2. Skólaföt

Gerð var könnun á meðal foreldra um skólaföt fyrir stuttu. Niðurstöðurnar sýna að meirihlutinn er jákvæður fyrir skólafötum og vill hafa þau áfram. Fötin hafa hækkað í verði og sniðið á buxunum hefur verið gagnrýnt sem og efnið. Lagt er til að bjóða einungis upp á leikskólaboli en ekki buxur. Líklega verður litnum á bolunum breytt og boðið upp á fleiri en einn lit úr leikskólalitunum. Viðhorf þeirra sem mættu á fundinn er jákvætt til þessarar breytingartillögu.

3. Bleyjuáskrift

Verið er að skoða að bjóða upp á bleyjuáskrift. Barnalán hafa boðið upp á prufur sem eru vottaðar úr 100% lífbrjótanlegum bambus og plöntutrefjum. Planið er að byrja að bjóða upp á þessa áskrift í haust fyrir þá sem vilja. Þetta yrði hagkvæmara fyrir foreldra og þægilegra fyrir leikskólann. Fundargestir tóku jákvætt í þessa hugmynd.

4. Starfsáætlun og ársskýrsla

Starfsáætlun fyrir næsta vetur verður gerð þegar nær dregur hausti til að brýna á áherslum í starfinu og hvað þarf að gera betur til að mæta þörfum barnahópsins á leikskólanum. Gott yrði að fá feedback frá foreldraráði. Ársskýrslan verður klár í júní og verður foreldraráð einnig fengið til að lesa hana yfir.

5. Karellen

Einhverjir eru að lenda í vandræðum með Karellen appið og því er velt upp hvort tilefni sé til að senda líka út tölvupósta með mikilvægum upplýsingum sem settar eru í appið svo allir fái skilaboðin. Verið er að skoða hvort tilefni sé til þess að skipta um app, en að mestu leiti virðist vera ánægja með Karellen.

6. Matarmál og hreinsiefni

Hildur fer á fund með eldhúsinu í vikunni til að ræða hreinsiefni og matarmál. Vilji er til að vera með umhverfisvæn hreinsiefni á leikskólanum. Hildur vill fá einhvern/einhverja úr foreldraráði með á fundinn til að fá fleiri sjónarhorn. Helga Lára og Einar bjóða sig fram.